

Breytingin snertir landnotkun á Austurnesi við Bauganes þar sem suðvesturhluti útivistarsvæðis á Skildinganesi breytist í íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná.

Á fundi hreppsnefndar Eyrarsveitar 1. júlí 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná. Tillagan er auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. mars til 27. apríl 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Grundarfirði, 21. júlí 1999.*

F.h. Bjargar Ágústsdóttur sveitarstjóra,

**Eyþór Björnsson** skrifstofustjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Ásum á Hraunsholti í Garðabæ. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall rað- og parhúsa er í tilteknum tilvikum hækkað úr 0,4 í 0,5. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Garðabæ, 19. júlí 1999.*

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

**Eiríkur Bjarnason.**

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Salahverfi í Kópavogi.

*Ársalir nr. 1, 3 og 5.*

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 1, 3 og 5 við Ársali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr.